

eigi heldur fyrir rjetti hefur tilkynnt hinum ákærðu, áður stefnan var útgefin, að sakamál yrði höfðað á móti þeim, verður ekki hjá því komizt, að dæma hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins ómerkt, og að vísa málinu heim til nýrrar og löglegrri dómsáleggingar eptir að bætt hefur verið úr þeim göllum, sem vikið er á.

Svo er og nauðsynlegt að skýrsla sje útveguð um stöðu hinnar ákærðu Margrjetar á heimili Páls, hvort hún hafi haft viðurværi sitt hjá honum endurgjaldslaust, og hvort hún hafi unnið ull þá af hinum stolnu kindum, sem unnin var á heimilinu, að eins í þarfir Páls, en ekki eigin þarfir.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim aptur til nýrrar og löglegrri meðferðar og dómsáleggingar. Svo ber hjeradsdómaranum og að útvega skýrslur þær, sem að ofan er á vikið.

Nr. 26/1888.

Landsbankinn

gegn

Birni Kristjánssyni.

Dómur:

Mál þetta er svo vaxið. Hinn 3. nóv. 1877 tók kaupmaður Sveinn Guðmundsson að láni í sparisjóði Reykjavíkur 500 krón. móti 5 % vöxtum; lán þetta

skuldbatt hann sig í skuldabrejfi því, sem hann út gaf fyrir láninu, að endurborga fyrir 3. nóvember 1878, og enn fremur til þess að borga auk hinnar umsömdu leigu 2 %₀, svo framarlega sem hann ekki borgaði hina umsömdu leigu eða höfuðstólinn á rjettum gjalddaga. Jón kaupmaður Steffensen ásamt öðrum manni, sem síðan er dáinn, tók að sjer að ábyrgjast skilvísa borgun skuldar þessarar og vaxta af henni, svo sem hún hvíldi á hvorum þeirra sjerstaklega, og er þessi skuldbinding ábyrgðarmannanna rituð á skuldabrejfið.

Upp í höfuðstól þessa láns greiddi lántakandi síðan 11. maí 1880: 100 kr. og 5. júní 1880: 100 kr., alls 200, og auk þess hefur dánarbú hins ábyrgðarmannsins 19. febr. 1887 borgað upp í höfuðstól framangreinds láns 150 krónur. Enn fremur hefur lántakandi greitt vexti af skuldinni til 3. maí 1884. Síðan hefur ekkert verið borgað af lántakanda hvorki upp í höfuðstól nje vexti, og þar sem nú landsbankinn hinn 19. apríl 1887 var orðinn eigandi framangreinds skuldabrejfs, krafðist hann borgunar þess, er eptir stæði af andvirði þess af stefnda, er gengið hefur að eiga ekkju Jóns kaupmanns Steffensens, sem, eins og áður hefur verið skýrt frá, var annar sjálfskuldarábyrgðarmaður að hinu umgetna láni, og þegar hann neitaði að verða við þessari kröfu landsbankans, hóf hann málssókn á hendur stefnda til þess, að fá hann dæmdan til þess að borga það er eptir væri af höfuðstól lánsins ásamt öllum ógreiddum vöxtum, og var mál þetta dæmt í gestarjetti Reykjavíkur hinn 22. maí þ. á. á þá leið, að stefndi var sýknaður af kröfum stefnanda og málskostnaður látinn falla

niður. Dómi þessum hefur landsbankinn áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 22. júní þ. á., og gjört þá rjettarkröfu, að stefndi verði dæmdur til þess að borga landsbankanum 150 kr. með vöxtum 7 % frá 3. nóvember 1882 til kærudags, og 8 % vexti frá kærudegi til borgunardags, svo og allan kostnað þessa máls, bæði fyrir undir og yfirdómi í öllu tilliti skaðlaust, með að minnsta kosti 100 kr. eða eptir mati rjettarins.

Stefndi færir það til sem sýknaðstæðu fyrir sig í þessu máli, að lán það, sem hjer um ræðir, hafi að eins verið tekið til 1 árs, og lánið hafi af Jóns Steffensens hálfu eða með hans samþykki aldrei verið endurnýjað, og það atvik, að lánveitandi ekkert skipti sjer af því, að hinn ákveðni gjalddagi fyrir láninu liði, heldur en enginn tiltekinn gjalddagi sje ákveðinn, verði ekki öðruvísi skoðað en sem vanrækt af honum, og sú vanrækt hljóti að hafa í för með sjer fullan rjettarmissi fyrir sparisjóðinn gagnvart ábyrgðarmönnum fyrir optnefndu láni. *Creditor* sje því að eins heimilt að endurnýja lánið eptir hinn upprunalega áskilda gjalddaga upp á ábyrgð ábyrgðarmannanna, að lántakandi beiðist þess. Rjettarkrafa stefnda verður þess vegna, að dómur undirrjettarins verði staðfestur, og að landsbankinn (áfrýjandinn) verði dæmdur til þess að borga honum allan kostnað með 60 kr. eða einhverju nægilegu eptir rjettarins mati.

En yfirdómurinn getur ekki fallizt á þessa skoðun hins stefnda á málinu, því orðatiltæki ábyrgðarskjalsins eru næsta víðtæk, þar sem í því er þannig að orði komizt: „ábyrgjumst vjer (nfl. að þær 500 kr.,

er Sveinn Guðmundsson hafði lánað hjá sparisjóði verði borgaðar) sem ábyrgðarmenn einn fyrir báða og báðir fyrir einn, svo sem skuldin hvíli sjerstaklega á hvorum okkar sjálfum, og lofum vjer skilvísri og skaðlausri borgun á henni og vöxtum í öllu tilliti kostnaðarlaust fyrir láneiganda“ o. s. frv., eða með öðrum orðum, Jón sál. Steffensen hafði gjörzt sjálfskuldarábyrgðarmaður að skuld þeirri til sparisjóðs, er hjer ræðir um, ásamt öðrum manni, og eptir eðli sjálfskuldarábyrgðar var Jón Steffensen því skyldugur til, undir eins og skuldin var komin í gjalddaga, að greiða hana alla, sem hún væri hans eigin skuld, ef stjórn sparisjóðsins hefði þá kallað eptir skuldinni hjá honum; um það getur alls enginn vafi verið, og eptir niðurlagi ábyrgðarskjalsins var lánveitanda heimilt að endurnýja lánið án þess að þurfa að láta ábyrgðarmennina vita það, smbr. orðin: „ábyrgð þessi gildir einnig ef lánið er endurnýjað“, en á hinn bóginn hefur stefndi, er gekk að eiga ekkju Jóns Steffensens, við skipti á dánarbúi hans undirgengizt að svara til allra skulda, er hefðu hvílt á búi Jóns og eptirlifandi ekkju hans; hann getur þess vegna ekki komizt hjá því að greiða til landsbankans, sem eiganda þess skuldabryjfs, sem hjer er krafist borgunar á, höfuðstól þess, og stefndi á, eptir því sem er almenn skoðun og rjettarvenja, enga heimting á því, að lánardrottinn, *in casu* sparisjóður Reykjavíkur, undir eins við dauða Jóns Steffensens aðvaraði skiptarjettinn eða ekkju Jóns um, að hann hefði tekizt á hendur sjálfskuldarábyrgð fyrir þeirri skuld, sem mál þetta er risið út af, og að sparisjóðurinn ætlaði sjer að heimta hana borgaða af búinu, því

Það liggur í eðli sjálfskuldarábyrgðar fyrir skuld annars manns, að sjálfskuldarábyrgðarmaðurinn tekur að sjer skuldina eins og hann sjáfur hefði stofnað hana, og hann verður því sjálfur að hugsa um, að hvorki hann nje hans síðar bíði tjón við sjálfskuldarábyrgðina, eins og hverju öðru, er hann kann að ráðast í, en lánveitandi hefur enga rjettarskyldu að gæta hags sjálfskuldarábyrgðarmannsins í þessu tilliti, og getur þess vegna heldur ekki, þótt hann vanræki að gjöra það, t. a. m. með því að draga nokkurn tíma eptir að skuldadagur er kominn, að heimta höfuðstól skuldarinnar af sjálfskuldarábyrgðarmanninum, bakað sjer nokkurrar ábyrgðar, því honum er í lögum ekkert takmark sett um það, hvað lengi hann megi draga, eptir að skuld er fallin í gjalddaga, að heimta hana af þeim, er gjörzt hefur sjálfskuldarábyrgðarmaður hennar, enda getur sá, er hefur sjálfskuldarábyrgð fyrir skuld, þótt *debitor* deyi, lögum samkvæmt haldið sjer til sjálfskuldarábyrgðarmannsins, en er alls eigi skyldugur að halda sjer til *debtors*, og sýnir þetta ljóslega, að *creditor* hefur enga skyldu að aðvara sjálfskuldarábyrgðarmann fyrir skuld um það, að hann ætli sjer að halda sjer til hans um borgun skuldarinnar.

Að því uú líka sjerstaklega snertir þá skuld, er mál þetta er um, þá hefur stefndi, þótt hann nú fyrst sje krafinn um borgun skuldarinnar til sparisjóðs, að eins verið krafinn um helming skuldarinnar, þar eð hinn helmingurinn, eptir því sem málskjölin sýna, er borgaður af búi hins sjálfskuldarábyrgðarmannsins, og betur gat stefndi eigi búizt við

að sleppa, úr því að skuldin varð að greiðast af skálfskuldarábyrgðarmönnum; hann verður þess vegna, þótt dregizt hafi fyrir stjórn sparisjóðsins að krefjast borgunar af hans hendi á helmingi margnefndrar skuldar, eigi harðar úti en þó gengið hefði verið eptir skuld þessari hjá honum, er skipti fóru fram í búi Jóns Steffensens, þar sem hann, þrátt fyrir dráttinn, einskis hefur í misst að því er snertir rjett þann, er hann að lögum hafði til þess, að fá endurgoldna helft skuldarinnar hjá sínum meðábyrgðarmanni, ef öll skuldin hefði verið krafín af honum.

En þótt þetta verði niðurstaðan að því viðkemur höfuðstól skuldarinnar, þá er allt öðru máli að skipta um vexti þá, er áfallnir eru síðan að skuldin átti að vera borguð, en það var eptir orðum skuldabryjfsins 3. nóv. 1878, því með því dregizt hefur að heimta borgun skuldarinnar og áfallinna vaxta af henni, hefur skuldin aukizt fram yfir það sem hún var, þegar hún eptir skuldabryjfinu fjell í gjalddaga, og stjórn sparisjóðsins getur ekki með slíkri vangæzlu af sinni hendi á hagsmunum sparisjóðs íþyngt sjálfskuldarábyrgðarmönnum, er ekki geta orðið dæmdir til að borga neina vexti fram yfir þann tíma, er hæfilegur þykir til að geta náð inn skuldinni; enda er það sannað, að skuldunautur sjálfur hefur borgað vexti af skuldinni til hins þáverandi gjaldkera sparisjóðsins til 3. maí 1884.

Úrslit þessa máls verða því þau, að stefnda ber að greiða landsbankanum 150 krón. ásamt 6 % vöxtum frá dagsetning gestarjettarstefnunnar 21. apríl þ. á. til borgunardags. Eptir öllum

atvikum þessa, máls þykir rjett, að málskostnaður falli niður bæði fyrir undir- og yfirdómi.

Því dæmist rjett að vera:

Stefndi Björn Kristjánsson á að greiða landsbankanum 150 kr. með vöxtum 6 % frá 21. apríl þ. á. unz borgun fer fram. Málskostnaður fyrir undirrjetti og yfirrjetti falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans; sæti ella aðför að lögum.

Mánudaginn 5. nóvembermán.

Nr. 5/1888.

Haraldur Ó Briem

gegn

Jóni Jónssyni.

Dómur.

Með dómi aukarjettar Suðurmúlasýslu, uppkveðnum 20. dag októbermánaðar f. ár, var áfrýjandi máls þessa, Haraldur Ó. Briem, bóndi á Bùlandsnesi, dæmdur til þess að greiða hinum stefnda, Jóni bónda Jónssyni í Borgargarði, 221 kr. 49 aur. með vöxtum 4 af hundraði frá 26. marz. 1887 til borgunardags, svo og til þess að borga allan af málinu löglega leiðandi kostnað. Dómi þessum hefur Haraldur Ó. Briem skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 3. febr. þ. á., og gjört þær rjettarkröfur, *principaliter* að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og að stefndi verði dæmdur til að borga málskostnað eptir